



Reykjavík, 10. september 2026
PON26090017

Efni: Heimild til að hefja vinnu við að bæta kortavirkni, greiðsluferli og betrubæta fleiri umsóknir á Mínum síðum

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja næsta fasa verkefnisins Tenging LUKR við Mínar síður, sem felur í sér áframhaldandi þróun og samþættingu landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) og umsóknarsmiðs Minna síðna. Markmið verkefnisins er að bæta stafræna þjónustu við íbúa, einfalda umsóknarferli og draga úr handvirkri vinnslu hjá starfsfólki borgarinnar. Með verkefninu verða nýjar umsóknir tengdar við LUKR, núverandi umsóknir endurbættar með korta- og greiðsluvirkni og fleiri umsóknarferli færð inn á Mínar síður.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins fjórir mánuðir og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 9 m.kr., sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Af heildarkostnaði eru áætlað að 4,5 m.kr. verði aðkeypt þjónusta sem keypt eru inn á grundvelli verktakasamninga skrifstofu gagna- og hugbúnaðarþróunar.

Verkefnið styður við eftirfarandi verkefni á Verkefnalista meirihlutans: 1) Við ætlum að þjónustuvæða borgarkerfið, 2) Við ætlum að auka öryggi íbúa með öflugra samstarfi við lögreglu og 3) Við ætlum að innleiða árangursmenningu í borgarkerfið þar sem skýr krafa verður á ábáta og árangur í þágu borgaranna.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Verkefnaráð þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Reykjavík, (04.09.2026)

Verkefnaráðsfundur: 03.09.2026

Tenging LUKR við Mínar síður - fasi 2

Samantekt:

Verkefnið snýst um að tengja landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) við umsóknarsmiðinn á Mínum síðum til að bæta upplifun borgarbúa og gera ferla skilvirkari innanhúss. Í þessum fasa verða fimm nýjar umsóknir hannaðar og settar upp, þrjár núverandi umsóknir endurbættar og þær tengdar við LUKR, umsýslukerfi og greiðsluferli. Með kortavirkni geta umsækjendur valið nákvæma staðsetningu á gagnvirku korti og, þar sem við á, greitt í sama samfellda ferli. Gögn flytjast sjálfvirk milli kerfa í stað handskráningar, sem dregur úr villum, ófullnægjandi umsóknum og tímafrekum samskiptum. Verkefnið byggir á fyrsta fasa og miðar að einni umsóknargátt, betri gagnagæðum og skýrari upplifun fyrir bæði borgarbúa og starfsfólk

Áætluð tímalengd verkefnis: 4 mánuðir

Skor í Fylki frá verkefnaráði PON: 3,00

Ábati 33%: 3

Felst í tímasparnaði starfsfólks, minnkar villuhættu, bætir starfsánægju og ímynd ásamt fleiri þáttum.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 3

Verkefnið einfaldar rekstarumhverfi með því að fara úr handskráningu yfir í umsóknargátt, gagnahögun verður mun betri.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Mun auðvelda íbúum að sækja um og starfsfólki að vinna með umsóknir. Hefur jákvæð áhrif á hóp starfsfólks og íbúa Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Nei

Dæmi: Lagaleg krafa er ekki til staðar.

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu- og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Greinargerð:

Í næsta fasa verkefnisins Tenging LUKR við Mínar síður verður lögð áhersla á að fjölga þeim umsóknarferlum sem nýta landupplýsingar með beinum hætti og tryggja sjálfvirk flæði upplýsinga milli Minna síðna og LUKR. Nýjar umsóknir verða byggðar upp með þessari virkni og núverandi umsóknir endurbættar, meðal annars með korta- og greiðsluvirkni. Jafnframt verða fleiri umsóknarferli færð inn á Mínar síður þannig að íbúar geti í auknum mæli sótt þjónustu borgarinnar á einum stað.

Í núverandi ferlum þurfa umsækjendur í mörgum tilfellum að skila inn fylgigögnum eða lýsa staðsetningu með texta án þess að geta merkt hana með nákvæmum hætti á kort. Starfsfólk þarf í kjölfarið að túlka upplýsingarnar, óska eftir viðbótargögnum þegar upplýsingar eru ófullnægjandi og skrá gögn handvirk í LUKR eða önnur vinnslukerfi. Slíkt verklag eykur líkur á villum, lengir afgreiðslutíma og skapar óþarfa vinnu bæði fyrir umsækjendur og starfsfólk. Með verkefninu verður komið á gagnvirkri kortavirkni þar sem umsækjendur geta valið eða teiknað inn nákvæma staðsetningu sem hluta af umsóknarferlinu. Upplýsingar úr umsóknum verða jafnframt fluttar sjálfvirk yfir í LUKR eftir því sem við á. Þannig verður dregið úr tvískráningu og tryggt að upplýsingar skili sér með samræmdum hætti beint inn í viðeigandi vinnsluferli.

Verkefnið nær til þróunar fimm nýrra umsóknarferla á Mínum síðum: umsóknar um minningarbekk, umsóknar um mæliblað/merkjalýsingu, umsóknar um staðsetningu á byggingu og/eða lóð, umsóknar um hæðarblað og tilkynningar til byggingarfulltrúa vegna óleyfisframkvæmda. Jafnframt verða fjögur núverandi umsóknarferli endurbætt og einfölduð: eignaskiptayfirlýsing, umsókn um Torg í bið, umsókn um nágrannavörsluskilti og umsókn um matjurtagarð. Alls nær þessi fasi verkefnisins því til níu umsóknarferla. Með þróuninni skapast jafnframt grunnur sem hægt verður að endurnýta fyrir fleiri þjónustuferli borgarinnar þar sem staðsetning og landupplýsingar eru hluti af umsókn.

Verkefnið styður við eftirfarandi verkefni á Verkefnalista meirihlutans:

1. Við ætlum að þjónustuvæða borgarkerfið: Umsókn um minningarbekk, umsókn um mæliblað/merkjalýsingu, umsókn um staðsetningu á byggingu og/eða lóð, umsókn um hæðarblað, eignaskiptayfirlýsing og umsókn um matjurtagarð.
2. Við ætlum að auka öryggi íbúa með öflugra samstarfi við lögreglu: Umsókn um nágrannavörsluskilti.
3. Við ætlum að innleiða árangursmenningu í borgarkerfið þar sem skýr krafa verður á ábata og árangur í þágu borgaranna: Tilkynning til byggingarfulltrúa vegna óleyfisframkvæmda og umsókn um Torg í bið.

Ávinningur verkefnisins er bæði þjónustulegur, rekstrarlegur og tæknilegur. Sjálfvirkara upplýsingaflæði dregur úr tíma sem starfsfólk ver í handvirka skráningu, leiðréttingar, eftirfylgni og samskipti vegna ófullnægjandi umsókna. Samþættingin bætir jafnframt gæði og samræmi gagna og dregur úr villuhættu. Með flutningi fleiri þjónustuferla yfir á Mínar síður skapast einnig tækifæri til að einfalda kerfisumhverfi borgarinnar og leggja af önnur umsóknakerfi þar sem það á við.

Fyrir íbúa felst ávinningurinn fyrst og fremst í einfaldara og skýrara umsóknarferli. Umsækjendur geta skráð nauðsynlegar upplýsingar, þar á meðal staðsetningu, með nákvæmum hætti strax við umsókn og þurfa síður að senda viðbótargögn eða eiga í frekari samskiptum vegna ófullnægjandi upplýsinga. Þjónustan verður þannig aðgengilegri og samræmdari og fleiri erindi verða afgreidd í gegnum einn stafrænan þjónustufloð.

Verkefnið styður einnig við aukna stafræna sjálfsafgreiðslu og getur dregið úr pappírnotkun og þörf fyrir heimsóknir í þjónustuver. Fyrir starfsfólk felst ávinningurinn í einfaldari vinnslu og



minni tíma í endurtekna skráningarvinnu, sem skapar aukið svigrúm til að sinna verkefnum sem krefjast sérfræðipækkingar og mats.

Verði ekki ráðist í næsta fasa verkefnisins mun núverandi handvirkni að verulegu leyti haldast óbreytt. Starfsfólk mun áfram þurfa að verja tíma í gagnainnslátt, leiðréttingar og samskipti vegna ófullnægjandi upplýsinga. Íbúar munu jafnframt áfram þurfa að nota mismunandi umsóknarleiðir eftir þjónustu. Þá nýtast fjárfestingar borgarinnar í Mínum síðum og landupplýsingum ekki að fullu og tækifæri til frekari stöðlunar og sjálfvirknivæðingar þjónustuferla glatast.

Verkefnið styður við markmið Reykjavíkurborgar um einfaldari og aðgengilegri þjónustu, aukna sjálfsafgreiðslu og betri nýtingu gagna í stjórnsýslu. Verkefnið er jafnframt liður í að byggja upp endurnýtanlegar tæknilegar lausnir sem nýtast fleiri þjónustuferlum borgarinnar til framtíðar og draga þannig úr þörf fyrir sértækar lausnir fyrir hvert einstakt ferli. Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 9 m.kr.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður ÞON. Verkefnaklassi 80014 Vöruþróun og stafvæðing ferla.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóra þjónustu og umbreytinga



Reykjavík



Tenging LUKR við Mínar síður - F2

Eigandi: Brynjar Þór Jónasson,
skrifstofustjóri skipulags- og byggingarmála

Barfagreining

Verkefnið felur í sér áframhaldandi þróun á samþættingu milli landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) og umsóknarsmiðs Minna síðna. Þróuð verða fimm ný umsóknarferli og fjögur núverandi ferli endurbætt með korta- og greiðsluvirkni og sjálfvirku flæði gagna milli kerfa.

Verkefnið styður við þrjú verkefni á Verkefnalista meirihlutans:

- 1) Þjónustuvæðingu borgarkerfisins
- 2) Aukið öryggi íbúa með öflugra samstarfi við lögreglu
- 3) Innleiðingu árangursmenningar með skýrri kröfu um ábata og árangur í þágu borgaranna

Áskorun

- Umsækjendur geta ekki alltaf merkt staðsetningu nákvæmlega á korti og þurfa því að lýsa henni eða senda fylgigögn.
- Starfsfólk þarf að túlka upplýsingar, kalla eftir viðbótargögnum og handskrá upplýsingar í LUKR.
- Handvirk vinnsla eykur villuhættu og lengir afgreiðslutíma.
- Þjónusta er dreifð á mismunandi umsóknarleiðir og kerfi.

Markmið

- Þróa fimm ný umsóknarferli og endurbæta fjögur núverandi ferli.
- Bjóða upp á gagnvirka kortavirkni þar sem umsækjendur geta valið eða teiknað staðsetningu.
- Koma á sjálfvirku gagnaflæði milli Minna síðna og LUKR.
- Draga úr handskráningu, tvískráningu og villum.
- Einfalda umsóknarferli og bæta upplifun íbúa.
- Fjölga þjónustuferlum sem eru aðgengileg á einum stað á Mínum síðum.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Sparnaður sem nemur 0,29 stöðugildum á ári.
- Minni handvirk skráning, eftirfylgni og samskipti.
- Betri gagnagæði og minni villuhætta.
- Einfaldari og skýrari umsóknarferli fyrir íbúa.
- Aukin stafræn sjálfsafgreiðsla og fleiri þjónustur á einum stað.
- Endurnýtanleg lausn sem nýtist við frekari stafvæðingu þjónustuferla.
- Tækifæri til einföldunar á kerfisumhverfi borgarinnar.

Tímalína

4 mánuðir

Kostnaður

Heildarkostnaður 9 m.kr.

Kostnaður tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatíma

Innkaup

Aðkeypt sérfræðiþjónusta 4,5 m.kr. Eftirstöðvar vegna vinnu verkefnastjóra.

Vörustjóri: Arnar Þór Þorsteinsson

Stafrænn leiðtogi: Kristín Björg I Sverrisdóttir



Tenging LUKR við Mínar síður

Fasi 2

Kristín Björg I Sverrisdóttir, stafrænn leiðtogi

Arnar Þór Þorsteinsson, vörustjóri

Brynjar Þór Jónasson, eigandi





**Verkefnið snýst um að tengja landupplýsingakerfi
Reykjavíkurborgar (LUKR) við umsóknir í umsóknarsmiðinn á
Mínum síðum til að bæta upplifun borgarbúa og gera ferla
skilvirkari innanhúss.**



Verðlaunaða landupplýsingakerfið okkar býr yfir miklu magni gagna um Reykjavík.

Í dag eru þessi gögn oft handskráð inn í LUKR út frá umsóknum sem berast í gegnum Mínar síður eða aðrar umsóknargáttir. Þessi vinna getur verið mjög tímafrek.

Oft er erfitt fyrir starfsfólk að átta sig á þörfum umsækjenda sem kallar á langdregin samskipti í tölvupósti til að kalla eftir nauðsynlegum upplýsingum og fylgigögnum.

Ekki eru allar umsóknir á Mínum síðum í dag, þar sem ekki hefur verið til staðar tenging við LUKR.

Tenging milli LUKR og umsóknarsmiðs Minna síðna býður upp á gagnvirkt landupplýsingakort sem mun bæði auðvelda íbúum að sækja um og starfsfólki að vinna með umsóknir.

Tengingin býður einnig upp á að færa umsóknir úr öðrum kerfum yfir á Mínar síður og þar af leiðandi væri hægt að loka öðrum kerfum og draga úr rekstrarkostnaði.

Styður við eftirfarandi verkefni á verkefnalista meirihlutans:

Við ætlum að þjónustuvæða borgarkerfið

Við ætlum að auka öryggi íbúa með öflugra samstarfi við lögreglu

Við ætlum að innleiða árangursmenningu í borgarkerfið þar sem skýr krafa verður á ábáta og árangur í þágu borgaranna.



Ákvörðun verkefnaráðs

- **Fjármögnun fyrir fasa 2 í verkefninu**
9 m.kr. fyrir þróunarteymi Minna síðna til þróunar á fimm nýjum umsóknum og betrumbæta fjórar núverandi umsóknir

Áhersla lögð á að bæta upplifun notenda og þróa áfram samþættingu formasmiðs Minna síðna við LUKR og greiðsluferli

Betrumbætur og einföldun umsókna

Betrumbæta núverandi umsóknir með áherslu á einfaldari, skýrari og notendavænni umsóknarferli

Kortatenging og greiðsluskref

Áframhaldandi þróun á korta- og greiðslutengingum þannig að notendur geti valið staðsetningu og greitt fyrir umsókn í einu samfelldu ferli

Gagnasérfræðingur

Áframhaldandi stuðningur með þróunarteymi í útfærslu á gagnafluttnings milli MS til LUKR





Fasi 1

Kortategundir

- Velja með punkt
- Velja upplýsingar úr þekju
- Teikna svæði

Útfærsla á mismundandi kortavirkni í umsóknarsmið MS (í hönnun)

- Umsókn um matjurtagarða
- Umsókn um stöðuleyfi
- Umsókn um útveitingar á borgarlandi
- Umsókn um trjáfellingar
- Umsókn um P-stæði


Þjónustuhönnun fyrir umsóknir í næstu fösum

- Umsóknir um afnotaleyfi
- Endurnýjun á lóðarleigusamningum (á lokametrum)
- Umsóknir um götu- og torgsölu (á lokametrum)

Some normal field

Point map test

Search for an address



Leikskólinn Vörðuborg, 34, Barónsstígur, Austurbær, Miðborg, Reykjavík, Capital Region, 101, Iceland

64.141236, -21.924165

← Previous step

Next step →

Pick a garden



Available Unavailable



Dæmi um útlit á umsókn (afurð úr fasa 1)

Reykjavík

Umsókn um matjurtagarð

Íslenska

Loka og vista

✓ Skilmálar

✓ Umsækjandi

✓ Velja matjurtagarð

4. Vísir

5. Staðfesting og greiðsla

Vantar þig aðstoð?

Halðu samband við þjónustuver í síma

411 1111

Veldu matjurtagarð

Um 600 matjurtagarðar eru leigðir út á vegum borgarinnar, þar af eru 200 í Skammadal. Veldu lausan matjurtagarð á kortinu hér fyrir neðan.

Skoða gjaldskrá matjurtagarða.

Staðsetning matjurtagarðs

Allir matjurtagarðar sýnilegir

Lausir garðar

146 lausir garðar

Garðar í útleigu

400 garðar í útleigu

Vesturbær við Þorngötu

Meðalfellir

Laugavegur við endu Bjarmalands

Laugavegur

Veldu matjurtagarð með því að smella á kortið

Til baka

Velja garð



Dæmi um útlit á umsókn (afurð úr fasa 1)

Desktop → Matjurtagarðar

Reykjavík

Umsókn um matjurtagarða

Íslenska

Loka og vista

Skilmálar

Umsókjandi

Velja matjurtagarð

Vefur

Staðfesting og greiðsla

Veldu matjurtagarð

Um 600 matjurtagarðar eru leigðir út á vegum borgarinnar, þar af eru 200 í Skammadal. Veldu lausan matjurtagarð á kortinu hér fyrir neðan.

Skoða gjaldskrá matjurtagarða.

Staðsetning matjurtagarðs

Meðalholt

Lausir garðar

Garðar í útleigu

146 lausir garðar

400 garðar í útleigu

Vantar þig aðstoð?

Hafðu samband við þjónustuver í síma

411 1111

Meðalholt

105 Reykjavík

Númer garðs

3

Flatarmál garðs

3 m²

Tegund garðs

Ofan í jörðu

Verð

5.180 kr

Laus

Fyrir hreyfhamlaða

Til baka

Velja garð

Mobile → Matjurtagarðar

Application name

+

×

Veldu matjurtagarð

Um 600 matjurtagarðar eru leigðir út á vegum borgarinnar, þar af eru 200 í Skammadal. Veldu lausan matjurtagarð á kortinu hér fyrir neðan.

Skoða gjaldskrá matjurtagarða.

Staðsetning matjurtagarðs

Allir matjurtagarðar sýnilegir

Lausir garðar

Garðar í útleigu

146 lausir garðar

400 garðar í útleigu

+

-

Meðalholt

105 Reykjavík

Laus

Fyrir hreyfhamlaða

Númer garðs

3

Flatarmál garðs

3 m²

Tegund garðs

Ofan í jörðu

Verð

5.180 kr

Til baka

Velja garð



Dæmi um útlit á umsókn (afurð úr fasa 1)

Desktop → Matjurtagarðar

Reykjavík

Umsókn um matjurtagarð

Tilbúnaður

Loka og vista

1. Skjalir

2. Umsókn

3. Umsóknir

4. Stærð

5. Stærðir matjurtagarða

Matjurtagarðurinn er tilbúinn í 14:59 mínútur.

Er allt rétt útfyllt?

Færðu vel yfir umsóknina þína til að ganga úr skugga um að allar upplýsingar séu réttar.

Skilmálar

☒ Já, ég samþykki

Umsækjandi

Hver er umsækjandi?

Umsækjandi er einstaklingur

Nafn

Kennitala

Heimilisfang

Postnúmer

Netfang

Sími

Kennitala

000001-0000

Grænvernd 7

107

homo@nuclearpowerplant.is

999-1234

Staðsetning matjurtagarðs

Staðsetning

Númer garðs

Flatarmál garðs

Tegund garðs

Fyrir freyðhamlaði

Matjurtgarður

3

3 m²

Ofan í jarð

Já

Til baka

Staðfesta

Mobile → Matjurtagarðar

Reykjavík

Umsókn um matjurtagarð

Tilbúnaður

Loka og vista

Matjurtagarðurinn er tilbúinn í 14:59 mínútur.

Er allt rétt útfyllt?

Færðu vel yfir umsóknina þína til að ganga úr skugga um að allar upplýsingar séu réttar.

Skilmálar

☒ Já, ég samþykki

Umsækjandi

Hver er umsækjandi?

Umsækjandi er einstaklingur

Nafn

Kennitala

Heimilisfang

Postnúmer

Netfang

Sími

Kennitala

000001-0000

Grænvernd 7

107

homo@nuclearpowerplant.is

999-1234

Staðsetning matjurtagarðs

Staðsetning

Númer garðs

Flatarmál garðs

Tegund garðs

Fyrir freyðhamlaði

Matjurtgarður

3

3 m²

Ofan í jarð

Já

Til baka

Staðfesta



Áskorun

Bæta við kortavirkni, greiðsluferli og betrubæta fleiri umsóknir á Mínum síðum.

Núverandi staða

- Íbúar þurfa að hlaða upp fylgigögnum í umsóknir, sem sýna nákvæma staðsetningu.
- Íbúar þurfa að velja aðgerðir úr fellilista án sýnilegs korts.
- Upplýsingar eru handskráðar inn í LUKR sem veldur aukinni villuhættu.
- Ófullnægjandi umsóknir til að veita leyfi eða umsögn.
- Tímafrek tölvupóstssamskipti milli íbúa og starfsfólks.
- Ekki hægt að greiða.

Markmið

- Sjálfvirkur gagnaflutningur.
- Tímasparnaður við handskráningu og samskipti.
- Betri gagnagæði, færri villur og áreiðanlegri upplýsingar.
- Bætt upplifun íbúa – sjónrænt og skýrt ferli.
- Betri upplýsingagjöf með rauntímakortum og minni þörf á samskiptum við þjónustuver og starfsfólk.
- Ein umsóknargátt - einn staður fyrir allar umsóknir.
- Uppfærðar upplýsingar í korti

Lausn

- Útfæra tengingu milli umsóknarsmiðs MS og LUKR þar sem hægt er að sækja og senda gögn úr umsóknum.
- Uppfæra ákveðnar umsóknir í umsóknarsmið og bæta við korti og greiðsluferli þar sem íbúi getur valið nákvæmar staðsetningar (t.d. matjurtagarð) sem sendast inn í LUKR.
- Bæta við nýjum umsóknum sem þurfa kortavirkni og tengingu við LUKR.



Fasi 2

Nýjar umsóknir

- Umsókn um minningarbekki
 - Að meðaltali 5 umsóknir á ári
- Umsókn um mælablað/merkjalýsingu
 - U.þ.b. 104 umsóknir á ári
- Umsókn um staðsetningu á byggingu og/eða lóð
 - Að meðaltali 104 umsóknir á ári
- Umsókn um hæðarblað
 - Að meðaltali 104 umsóknir á ári
- Umsókn um tilkynningu til byggingarfulltrúa vegna óleyfisframkvæmda
 - Að meðaltali 400 tilkynningar á ári

Betrumbæta og þróa núverandi umsóknir

- Eignaskiptayfirlýsing
 - 157 umsóknir árið 2025
- Umsókn um torg í bið
 - 16 umsóknir árið 2025
- Umsókn um nágrannavörsluskilti
- Matjurtagarðar
 - 193 umsóknir árið 2025





Nágrannavörsluskilti

Umsókn um nágrannavörsluskilti

- Ný umsókn fyrir nýja þjónustu
- Setja upp kortavirkni svo umsækjandi getur valið staðsetningu á korti fyrir skiltið
- Staðsetning svo yfirfarin af viðeigandi starfsfólki og fært ef þess þarf





- [illegible]



Umfangsmat

- Kostnaður verkefnis er 9 m.kr. og tími er áætlaður 4 mánuðir.



Kostnaður mannauðs

Á fjárfestingu: 4.464.900 kr.

- Framendaforritari 1.618.200 kr.
- Teymisstjóri 309.375 kr.
- Vöruhönnun 2.537.325 kr.

Á rekstri:

- Vörustjóri
- Stafrænn leiðtogi
- Gagnasérfræðingur

Teymið samanstendur af ólíkum stöðugildum í mismunandi starfshlutföllum

Aðkeypt þjónusta

Heild: 4.536.450 kr.

Verktakar í þróunarteymi MS:

- Bakendaforritari 4.536.450 kr.

Rekstrarkostnaður

**Mánaðarlegur
rekstrarkostnaður**
kr. 0

**Rekstrarkostnaður fellur
undir rekstrarkostnað Minna
síðna svo USK greiðir ekkert
aukalega.**

**Kynnt fyrir og samþykkt af
USK dags. 28. ágúst 2026**

Sviðið gerir ráð fyrir að sækja
aukið fjármagn í ramma ef af
verkefninu verður **NEI**



Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 árs tímabil

Mælanlegur ábati

- Tímasparnaður 70 klst.

Samtals:

- Sparnaður 700.000 kr.
- Með því að bæta greiðsluferli á tveimur umsóknum og minnka óvissu og samskipti

Kostnaður

9 m.kr.

Ómælanlegur ábati

- Bætt kortavirkni býður upp á fleiri tækifæri fyrir nýjar umsóknir á Mínum síðum
- Betri upplýsingar frá umsækjendum í umsókn sem fækkar samskiptum og misskilningi
- Ekkert þjónusturof þar sem upplýsingar skila sér alla leið í vinnslukerfi
- Tengingin býður upp á að færa umsóknir úr öðrum kerfum yfir á MS, í kjölfarið er hægt að loka öðrum kerfum og draga úr rekstrarkostnaði
- Minnkar villuáhættu
- Bætt starfsánægja, ímynd, gagnagæði, upplifun og upplýsingagjöf til íbúa
- Fyrsta sjálfvirka ferlið frá byrjun til enda á USK
- Minnkar óvissu og formfestir þjónustuferla

Samantekt á

heildarávinningi/niðurstaða


- Sjálfvirkur gagnaflutningur milli LUKR og umsókna á Mínum síðum
- Einfölduð og notendavæn umsóknarferli með rauntímakortum
- Meiri ánægja starfsfólks –fækka handtökum og bætt samskipti við íbúa
- Skýr þáttur í stafrænni vegferð
- Býður upp á möguleika á fleiri gagnasöfn og bætta tölfræði um Reykjavík





Hvað er búið að gera:

- Greina eina af þrem umsóknum með þjónustuhönnuðum
- Forrita allar þrjár kortategundir í umsókn
- Vinna með stafrænum hönnuði að útliti á kortunum
- Kostnaðargreining
- Ábatamatsgreining
- Taka afnotaleyfin út fyrir sviga í sér verkefni





Næstu skref

- Hanna og setja upp fimm nýjar umsóknir í umsóknarsmið MS
- Tengja þær umsóknir við LUKR og umsýslukerfi
- Tengja fjórar núverandi umsóknir við LUKR og/eða greiðsluferli





Ákvörðun verkefnaráðs

- **Fjármögnun fyrir fasa 2 í verkefninu**

9 m.kr. fyrir þróunarteymi Minna síðna til þróunar á fimm nýjum umsóknum og betrumbæta fjórar núverandi umsóknir

Áhersla lögð á að bæta upplifun notenda og þróa áfram samþættingu formasmiðs Minna síðna við LUKR og greiðsluferli

Betrumbætur og einföldun umsókna

Betrumbæta núverandi umsóknir með áherslu á einfaldari, skýrari og notendavænni umsóknarferli

Kortatenging og greiðsluskref

Áframhaldandi þróun á korta- og greiðslutengingum þannig að notendur geti valið staðsetningu og greitt fyrir umsókn í einu samfelldu ferli

Gagnasérfræðingur

Áframhaldandi stuðningur með þróunarteymi í útfærslu á gagnafluttnings milli MS til LUKR





Reykjavík



Næstu fasar – til upplýsinga

Umsókn um afnotaleyfi

- Sótt um sem sér verkefni til að þarfagreina end-of-life kerfi

Umsóknir um götu- og torgsölu

- Einföldun og bætt upplifun á núverandi ferli
- hverfissala, dag og nætursala, markaðassala og sumarsala (ein umsókn)
- Ekki tímabært vegna tillögu að lagabreytingu

Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamning

- Ókeypis lausn frá Taktikal
- Nauðsynlegt samstarf með sýslumanni





Endurnýjun á lóðaleigusamningum - til upplýsinga

Umsókn um endurnýjun á lóðaleigusamningum

- Umsóknin er í Taktikal lausn sem er tengt við LUKRið til að lesa ýmis mæliblöð og upplýsingar. Lausnin býr til sniðmát með viðeigandi upplýsingum (t.d. fasteignanúmer og eigendum)

Ferlið að endurnýja

- Samningurinn er settur upp, prentaður út og geymdur í þjónustuveri
- *Allir eigendur (1-200 manns) þurfa að mæta í Borgartún til að kvitta undir samninginn (40-60 heimsóknir í þjónustuver á mánuði)*
- Samningurinn er þinglýstur hjá sýslumanni

Þinglýsing

- Ferlið er ekki rafrænt hjá sýslumanni, prenta þarf út og óska eftir undirskrift eiganda í þjónustuveri

Rafræn þinglýsing sýslumanns myndi gera okkur kleift að meðhöndla eignaskiptayfirlýsingar og endurnýjun á lóðaleigusamningum alfarið rafrænt.



Ábatamat (úr fyrsta fasa)

Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 ára tímabil

Mælanlegur ábati

- Tímasparnaður 99,4 vinnudagar
- Samrekstur Já

Samtals:

- Sparnaður í 7.455.972 kr. eða 5 mánaða laun

Kostnaður


- 18 m.kr í þróunarkostnað, sem greiðist upp á 2,5 ári

Ómælanlegur ábati

- Bætt kortavirkni býður upp á fleiri tækifæri fyrir nýjar umsóknir á Mínum síðum
- Betri upplýsingar frá umsækjendum í umsókn sem fækkar samskiptum og misskilningi
- Ekkert þjónusturof þar sem upplýsingar skila sér alla leið í vinnslukerfi
- Tengingin býður upp á að færa umsóknir úr öðrum kerfum yfir á MS, í kjölfarið er hægt að loka öðrum kerfum og draga úr rekstrarkostnaði
- Minnkar villuáhættu
- Bætt starfsánægja, ímynd, gagnagæði, upplifun og upplýsingagjöf til íbúa

Samantekt á heildarávinningi

- Sjálfvirkur gagnaflutningur milli LUKR og umsókna á Mínum síðum
- Einfölduð og notendavæn umsóknarferli með rauntímakortum
- Meiri ánægja starfsfólks –fækka handtökum og bætt samskipti við íbúa
- Skýr þáttur í stafrænni vegferð
- Býður upp á möguleika á fleiri gagnasöfn og bætta tölfræði um Reykjavík





Mælanlegur ábati verkefnis

Matsliður	Núllstaða	Breyting	Ábati	Ath
Dregur úr akstri	Hvað er ekið mikið núna (fjöldi KM)	Hvað verður ekið mikið eftir breytingu (fjöldi KM)	Hvað sparast mikill akstur vegna verkefnis	Hér má gera grein fyrir öðrum mælanlegum umhverfisáhrifum sem verkefnið kann að hafa í för með sér.
Sparar tíma, starfsfólk	Hversu mikill tími fer í verkefni (klst/starfhlutfall)	Hversu mikill tími fer í verkefni eftir breytingu (klst/starfshlutfall)	Hvað sparast mikill tími	Hægt að gera mælingar á stökum verkefnum og margfalda
Sparar tíma, borgarbúa	Hversu mikill tími fer í verkefni (klst/starfhlutfall)	Hversu mikill tími fer í verkefni eftir breytingu (klst/starfshlutfall)	Hvað sparast mikill tími	
Fækkar kærum	Fjöldi kærumála, lagalegur ágreiningur	Áætlaður fjöldi mála eftir breytingu	Hversu mikið mun málum fækka	
Kostar minna	Kostnaður núna	Kostnaður eftur breytingu	Hvað sparast mikið	Hér er miðað við annan kostnað en starfsmannakostnað, það getur verið aðföng eða gjöld fyrir hugbúnað
Möguleiki á samrekstri	Erum við að samreka núna	Mögulegt fjármagn sem fengist af samrekstri eða hlutfall	Hvað er hægt að samreka mikið	Á við þegar fleiri samstarfsverkefni þvert á sveitafélög/stofnanir fara af stað.

- Útreikningar ættu að vera á ársgrundvelli ef það er hægt
- Eðlilegt að ekki sé hægt að áætla stöðu eftir breytingu, mikilvægast að gera grein fyrir núllstöðu í upphafi
- Svara þeim matsliðum sem eiga við, sum verkefni passa ekki í neinn lið. Þarf ekki að útskýra hér
- Ekki svara með texta bara tölur, ef þær eru ekki til eða óaðgengilegar þá er það bara þannig
- Halda utan um forsendur útreikninga, mælingar og annað í öðru skjali og skila með
- Ábatamat á að byggja á auðsækjanlegum upplýsingum eða einföldum mælingum sem eru uppreiknaðar



Tillaga að leiðum – ákvörðun

- Leggjum til leið A vegna þess að xxxx

Leið A Umbreyting innanhúss

Endurnýta t.d Veitu og samþætta við önnur kerfi

- Kerfið Veita verður nýtt sem viðmót fyrir starfsmenn
- Aðlaga þarf viðmótið fyrir þjónustu DÝR þannig að sem þægilegast verði að vinna úr umsóknum og samskiptum
- **Samþættingar** við Agresso, vöruhús gagna, Hlöðuna

Kostir

- Þekking til staðar innanhúss
- Ótakmarkaður aðgangur starfsmanna
- Minni kostnaður
- Meiri þekking á þjónustum borgarinnar
- Hægt að nýta kerfi sem nú þegar er til
- Rvkborg vel að sér að næta áskorunum í samþættingum

Gallar

- Kerfi í rekstur
- Vöktun og utanumhald

Leið B Útboð - utanaðkomandi

Kaupa lausn á markaði og samþætta við kerfi

- Nú þegar er fyrirtæki á markaði með lausnina fyrir önnur sveitarfélög (Kópavogur, Hafnarfjörður og Mosfellsbær)
- Grunnuppsetning á kerfi
- Hundalausn aðlöguð
- Innlestur gagna
- Samþættingar við kerfin okkar
- Leyfisgjöld

Kostir

- Fáum mismunandi tilboð
- Lausn nú þegar til að hluta
- Tilbúið kerfi – lendum í minni vandræðum
- Þekking nú þegar til staðar hjá aðila

Gallar

- Útboðsferli tímafrekt og kostnaðarsamt
- Kostnaður hærri
- Samþættingar ytri aðila við okkar kerfi
- Tilboð gæti orðið hærri
- Ný tækni/lausn sem þarf að þróa og viðhalda
- Leyfisgjöld

Leið C Óbreytt ástand

Nýta island.is áfram, handvirkni og samþætting áfram

- Umsóknir fara í gegnum island.is í dag
- Handvirkt slegið inn í ms access

Kostir

- Halda áfram eins og verið að gera, þarf ekki að eyða tíma í nýja lausn

Gallar

- Brotið ferli
- Handvirkt ferli
- Náum ekki inn auknum tekjum við skráningar hunda
- Erum ekki að fara eftir reglugerð



Leið A

Innleiða miðlægan könnunarhugbúnað

Fara í útboð á einum könnunarhugbúnaði.

Kröfulistí verkefnahóps nýttur til að tryggja notagildi lausnar.
Innleiðing á sameiginlegri nálgun við gerð þjónustumælingar.

Kostir

- Kostnaður við MÁP fellur til 1x og endurupptaka er tryggari
- Samvinna sviða möguleg með sameiginlegu verklagi, útliti og aðgengi að samskiptaupplýsingum.
- Styttri innleiðingartími ef Qualtrics verður fyrir valinu.
- Gagnadrifnar ákvarðanir
- Lægri þröskuldur fyrir þjónustumælingar.
- Faglegir spurningabankar verða til.
- Notast verður við *single sign on* sem eykur aðgangssöryggi.
- Tímasparnaður við sjálfvirkni í útsendingu kannana.

Áskoranir

- Fjármálaskrifstofur sviða sjái ekki hagkvæmni í þátttöku á miðlægri lausn.
- Að niðurstaða útboðs verði á þá leið að sérfræðingum hugnist ekki sá hugbúnaður sem í boði verður.
- Finna eiganda á ÞON
- Finna vörustjóra lausnar.

Leið B

Óbreytt ástand

Svið framkvæma kannanir og þjónustumælingar með þeim hætti sem þeim hugnast best.

Kostir

- Hvert svið velur það sem það telur heppilegt hverju sinni
- Svið geta greitt fyrir styttri áskriftir

Áskoranir

- Kostnaður við MÁP fellur til jafn oft og nýr hugbúnaður er tekinn í notkun.
- Endurupptaka MÁP í höndum sviða sem verður ótrygg.
- Ósamræmi í útliti, gerð kannana, úrvinnslu og miðlun.
- Hár þröskuldur fyrir starfsfólk að gera þjónustumælingar.
- Handvirkni við framkvæmd kannana.
- Ólíklegt að notast verði við *single sign on* ef ekki gert miðlægt



											Samtals
Mánuðir:	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
Launakostnaður starfsfólks á fjárfestingu	720.000 kr.	720.000 kr.	720.000 kr.	720.000 kr.	864.000 kr.	720.000 kr.	720.000 kr.	864.000 kr.	864.000 kr.	864.000 kr.	7.776.000 kr.
Aðkeypt sérfræðipjónusta	300.000 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.	300.000 kr.	3.000.000 kr.
Búnaðarkaup	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Annar kostnaður	0	0	0	0	600.000 kr.	0	0	0	0	0	600.000 kr.
Samtals											11.376.000 kr.



Ítarlegri útlistun á auðlindum



- Ítarleg útlistun starfsfólks sem er á fjárfestingu.

Skipting mannauðs sem er á fjárfestingu niður á mánuði

Starfsfólk/Manuðir:	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Verkefnastjóri	50%	50%	50%	50%	60%	50%	50%	60%	60%	60%